

Nd.

146. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 120 12. des. 1935.

Flm.: Jón Ólafsson.

1. gr.

Fyrsta málsgrein fyrstu greinar laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna fiskimálanefnd. Skipar atvinnumálaráðherra einn mann, en hinir tveir skulu tilnefndir, annar af Fiskifélagi Íslands og hinn af fisksölusamlagi íslenskra fiskframleiðenda.

Í stað orðanna í upphafi þriðju málsgreinar sömu greinar „Nú vanrækir einhver“ komi: Nú vanrækir annarhvor.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við að kynna mér störf fiskimálanefndar og afrek þau, er eftir hana liggja, fæ ég ekki betur séð en nægja muni þriggja manna nefnd við þau viðfangsefni, sem nefndin á hverjum tíma hér eftir fær til meðferðar, og rökstyð ég það meðal annars með því, að nú hefir nefndin fengið tveggja ára æfingu við ýms þau mál, sem að líkindum verða viðfangsefni hennar framvegis. Auk þess hefir nú nefndin æðan skrifstofustjóra, sem um leið er framkvæmdastjóri hennar og annast því öll útlend og innlend viðskipti. Minna má á það, sem raunar allir vita, sem unnið hafa að framkvæmdum, að því meiri mistaka er að vænta, sem fleiri eru við ákvörðun riðnir. Ég get ekki séð, að bankarnir hafi neitt að gera með menn í fiskimálanefnd, ekki heldur Alþýðusamband Íslands, botnvörpuskipaeigendur eða Samband íslenskra samvinnufélaga, og legg því til, að þeir, sem nú gegna trúnaðarstörfum fyrir alþjóð í fiskimálum, hafi einnig ihlutun um útnefningu í fiskimálanefnd. Sparnaður við þessa breytingu mundi nema 800 kr. á mánuði.